

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 15. nóvember 2012 kl. 12:10 í fundarherbergi á 3. hæð í Gimli.

Mætt voru: Páll Skúlason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Salvör Nordal.

1. Henry Alexander Henrysson kom á fundinn og gerði grein fyrir verkefninu „Samþætting siðfræði og faglegs náms“. Fjallaði hann um skipulag verkefnisins og megin markmið.
2. Formaður kynnti fyrirhugað málþing 11. og 12. janúar 2013 til heiðurs Vilhjálmi Árnasyni sextugum. Málþingið verður haldið í samvinnu við Heimspekistofnun og verður nokkrum erlendum gestum boðin þátttaka.
3. Fjallað um stöðu rannsóknaverkefna en Siðfræðistofnun hefur verið aðili að nokkrum umsóknum á þessu ári. Nánar verður fjallað um verkefni á næsta fundi þegar málin skýrast.
4. Fjallað möguleg verkefni á vormisseri, m.a. hugmyndir um að halda málþing um líffæragsjafir.